

Drög í kynningu. Lögð fyrir áætlaðan fund heilbrigðisnefndar 4.3.2019

Starfsleyfi

Dælan ehf.

kt: 460918 - 0570

Leyfi til að starfrækja: **Bensínstöð**
Aðsetur starfsemina: **Salavegur 2, Kópavogur**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir leyfi samkvæmt grein 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfið gildir frá 4. mars 2019 til 3. mars 2031

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs bensínstöðvar sbr. ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. og liðar 7.8 um bensínstöðvar í X. viðauka við sömu reglugerð og ákvæði II. kafla reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar um úrgang nr. 805/1999 þar sem fjallað er um meðhöndlun úrgangs og þrifnað lóða,
- Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000.

Kröfur er varða mengunarvarnir

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 og ákvæðum er varða mengunarvarnir sem fram koma í starfsreglum fyrir bensínstöðvar, endurskoðaðar 30. janúar 2019 sbr. *Fylgiskjal 1*.

Innra eftirlit er varðar mengun

Starfrækja skal og viðhalda rekstrarhandbók og viðbragðsáætlun sbr. ýmiss ákvæði i IV kafla reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Viðbragðsáætlun og viðbrögð við mengunaróhöppum

Viðbrögð við mengunaróhöppum skulu vera í samræmi við samþykktu viðbragðsáætlun fyrirtækisins vegna mengunaróhappa. Verði olíuslys eða önnur mengunaróhöpp, sem starfsmenn geta ekki þegar leyst, skal kalla á aðstoð Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í gegnum neyðarsímann **112**. Öryggi fólks skal ávallt vera í forgangi.

Viðbrögum við mengunaróhöppum skulu miða að því að lágmarka skaða í umhverfi.

Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um öll mengunarslys.

Vöktun

Lekavarnir geyma og birgðastaða skal vakta reglulega og niðurstöður færðar í rekstrarhandbók.

Olíuskilja skal yfirfarin, þjónustuð og mældur vökvi a.m.k. mánaðarlega með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Olía í frárennsli má að hámarki vera 15 ppm (mg/kg). Rekstraraðili skal láta mæla virkni skilju þriðja hvert ár.

Sjálfvirkur búnaður, s.s. nemar, lokar o.h. skal prófaður a.m.k. árlega.

Úrgangur og endurvinnsla

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda á hverjum tíma.

Spilliefni sem verða til við starfsemi skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Úrgangsolía skal fara til samþykks móttökuaðila.

Sorphirslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins og skulu ílát losuð reglulega.

Umhverfisábyrgð og ábyrgðartrygging

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnu- starfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Leyfishafi skal hafa ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gild, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um verndun hafs og stranda.

Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum X. kafla reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna.

Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi, sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila enda verði engin önnur breyting á starfseminni.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,

Garðabær, 4. mars 2017.

Drög í kynningu. Lögð fyrir áætlaðan fund heilbrigðisnefndar 4.3.2019

endurskoðað 31. janúar 2017

Starfsreglur fyrir sjálfsafgreiðslu bensínstöðvar. (Fyrir bensínstöðvar sem uppfylla skilyrði gátlista heilbrigðisnefndar)

Sértæk skilyrði.

- Allur búnaður skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi. Öllu viðhaldi og endurbótum á stöðinni skal þannig háttáð að hvorki umhverfisvarnir né mengunarvarnir skerðist frá því sem nú er samþykkt. Engir ofanjarðareldsneytisgeymar skulu vera á stöðinni.
- Viðhald skal framkvæmt með þeim hætti að ekki hljótist mengun af. Olíumengaðan jarðveg ber að farga á þann hátt sem heilbrigðisefirlitið mælir fyrir um.
- Samskeyti áfyllingaröngu olúflutningsbifreiðar og áfyllingarstúts skulu vera þétt og áfylling skal vera með sjálfrennslu. Olúbílstjóri er ábyrgur fyrir því að rétt sé staðið að áfyllingu tanka og skal ávallt vera viðstaddur á meðan áfylling fer fram. Þar sem ekki er sjálfrennslis- og áfyllingaöryggisbúnaður til staðar skal bílstjóri ávallt mæla birgðastöðu í tanki fyrir áfyllingu.
- Fyrir stöðina skal vera tiltæk viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa sbr. gr. 37 í reglugerð nr. 884/2017. Áætlun þessi skal vera samþykkt af heilbrigðisnefnd. Í viðbragðsáætlun skal m.a. koma fram eftirfarandi:
 - Köllunarskrá vegna óhappa og slysa.
 - Fyrstu aðgerðir og tiltækur búnaður til að hefta útbreiðslu mengunar.
 - Áætlun um framhaldsaðgerðir og hreinsun.
 - Ákvæði um mat á viðbrögðum og endurskoðun viðbragðsáætlunar og/eða búnaðar.
 - Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk á stöðinni og hjá þeim er annast öryggismál stöðvarinnar.
- Vegna stöðvarinnar skal halda rekstrarhandbók í samræmi við gr. 38 í reglugerð nr. 884/2017 og skal hún tiltæk eftirlitinu. Í rekstrarhandbók skal m.a. skrá:
 - Allar breytingar sem gerða hafa verið á viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa svo og prófanir á henni.
 - Niðurstöður úr reglulegu eftirliti í athyglisröri lekavarna, (eftirlitsbrunni) og olúskilju og olúSORageymi.
 - Tæmingu olúskilja og olúSORageymis og áætlað (mælt) magn olúSORa.
 - Hreinsun geyma.
 - Prófanir á mælitækjum, skynjunar- og viðvörðunarbúnaði og yfirfyllingarvörnum.
 - Áfyllingu geyma og magn sem mælt er í geymi.
 - Öll mengunaróhöpp sem eiga sér stað.
 - Skil spilliefna til endurvinnslustöðva, móttökustöðvar eða flutningsaðila, ásamt kvittun fyrir móttökunni, þar sem fram kemur magn (kg, l) og gerð úrgangs.
 - Önnur atriði sem snert geta mengunarvarnir stöðvarinnar. Við þríf á afgreiðsludælum og plönum skal eingöngu nota olúhreiniefni sem eru viðurkennd fyrir olúgildrum. Vatnsnotkun við þríf skal taka mið af stærð olúgildru.Hafa skal reglulegt eftirlit, a.m.k. mánaðarlega, með olúskiljubúnaði og oftár ef þurfa þykir þannig að tryggt sé að hann virki eins og til er ætlast.
- Að minnsta kosti mánaðarlega skal kanna hvort leki hafi átt sér stað með því að skoða í eftirlitsbrunna lekavarna og mæla birgðastöðu í tönkum.

Fylgiskjal 1. við starfsleyfi Dæluinnar ehf. vegna stöðvar fyrirtækisins að Salavegi 2 í Kópavogi,
kt: 460918 - 0570, gefið út 4. mars 2019

7. Að minnsta kosti árlega skal draga saman niðurstöður rekstrarhandbókar. Í þeirri samantekt skal m.a. koma fram:
 - a) Hlutfallsleg rýrnun einstakra eldsneytistegunda í stöðinni og mat á orsökum hennar.
 - b) Óhöpp á árinu og reynsluna af viðbragðsáætlun.
 - c) Fjöldi tæminga og áætlað magn olúsora sem dælt hefur verið úr olúskiljum og olúsorageymum.
8. Ef sjálfsala er á stöðinni skal koma fyrir á áberandi stað á afgreiðsluplani merkingu sem tilgreinir nöfn og símanúmer aðila sem annast stöðina utan afgreiðslutíma, eða tryggja á annan hátt að unnt sé að nálgast þá aðila. Einnig skal á áberandi stað koma fyrir leiðbeiningum til viðskiptamanna varðandi notkun búnaðar.
9. Rekstraraðili bensínstöðvar þarf að sýna fram á tryggan aðgang að tæknimönnum (sjá ákvæði um viðbragðsáætlun) með tilheyrandi búnaði til að takast á við þau bráðamengunaróhöpp er ætla má að geti orðið á bensínstöð. Á bensínstöð sem er ómönnuð (sjálfsafgreiðslustöð) skal vera sólarhringsvaktadur neyðarsími, aðgengilegur viðskiptavinum.
10. Rekstraraðili skal tryggja getu til að bregðast við mengunaróhöppum.
11. Afgreiðslu- og áfyllingarplan skal þrifið reglulega.
12. Safna skal öllum spilliefnum sem falla til við starfsemi stöðvarinnar og koma í viðurkennda förgun. Óheimilt er að blanda saman mismunandi flokkum spilliefna og blanda þeim saman við annan úrgang.
13. Eftirfarandi efni flokkast m.a. undir spilliefni:
 - a) Olía og olúmengaður sandur úr olúskiljum og sandföngum.
 - b) Olúmengaður úrgangur svo sem ísogsbúnaður og olúmengaður tvistur.
 - c) Úrgangsolíur svo og úrgangur mengaður þess háttar olíum.
 - d) Notaðir rafgeymar.
14. Verði nálæg starfsemi eða íbúar í nágrenninu að mati Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir óþægindum svo sem vegna loftmengunar ber að gera viðhlítandi ráðstafanir til úrbóta t.d. að koma upp búnaði sem tekur við menguðu lofti frá birgðageymum við áfyllingu.
15. Verði starfsemi stöðvarinnar hætt ber að tæma alla birgðatanka og fjarlægja innan 6 mánaða. Einnig skal fjarlægja allan olúmengaðan jarðveg og farga á þann veg sem heilbrigðiseftirlitið mælir fyrir um. Öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skal skila til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
16. Starfsleyfið í heild sinni skal ávallt vera tiltækt þeim sem þjónustar stöðina og þeim sem óska eftir að fá að sjá það.
17. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að stöðin starfi í samræmi við skilyrði þessi.

Starfsreglur taka mið af samþykktum teikningum af aðstöðu og búnaði.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Garðabær, 4. mars 2019

Drög í kynningu. Lögð fyrir áætlaðan fund heilbrigðisnefndar 4.3.2019

Fylgiskjal:

Greinargerð vegna áformaðrar starfsleyfisútgáfu í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit.

Umsókn um starfsleyfi barst þann 23. janúar 2019.

Umsóknin var kynnt á fundi heilbrigðisnefndar 28. janúar 2019 en afgreiðslu frestað.

Umsókn og áformað starfsleyfi kynnt á vef heilbrigðiseftirlits; heilbrigdiseftirlit.is í með hliðsjón af ákvæðum í reglugerð nr. 550/2017. Frestur til athugasemda er fjórar vikur frá birtingu á vef heilbrigðiseftirlits 7.2.2019.

Dælan ehf. er nýtt fyrirtæki á jarðefnaeldsneytismarkaði. Fyrirtækið hefur keypt tvær bensinstöðvar með sjálfsafgreiðslu af svæði heilbrigðisnefndar. Stöðvarnar eru á Hæðasmára og Salavegi í Kópavogi.

Forsvarsmenn Dælunnar ehf. hafa upplýst að Olíudreifing ehf. um flytja eldsneyti á stöðina og annast eftirlit með búnaði og viðhald hans. Einnig að engar aðrar breytingar eru áformaðar er varðar rekstur eða búnað stöðvarinnar.

Reglubundið eftirlit hefur farið fram með stöðinni á undanförunum árum án teljandi athugasemda og verður endurtekið þegar Dælan ehf. hefur yfirtekið rekstur stöðvarinnar.

Heilbrigðiseftirlitið áformar að mæla með samþykkt starfsleyfis ef ekki berast ábendingar. Endanleg afstaða verður tekin að loknum umsagnarfresti.

Garðabær, 7. febrúar 2019